

2 hafið þjer síðan skýrt frá því, að umræddur þurfalingur hafi á sínum tíma verið
6. jan. sendur hjeðan á geðveikraspítalann í Vordingborg að tilhlutun fátækra stjórna-
rinna.

Útaf þessu skal yður hjer með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og frek-
ari birtingar, að með því að 77. gr. fátækralaganna verður að skiljast þannig,
að hún eigi að eins við sjúkrahús hjer á landi, og með því að 78. gr. sömu laga
telst ekki eiga við styrk til þurfamanna, sem sendir eru hjeðan til útlanda til
vistar á kostnað framfærsluveitarinnar, heldur aðeins við styrk, sem veittur er
erlendis þurfamönnum, sem verða þar styrksþurfar, þá brestur heimild til að
greiða nokkuð af hinum framangreinda kostnaði við þurfalinginn Þorstein Páls-
son úr landssjóði.

3 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu um sveit-**
22. jan. **festi þurfalings.**

Oddviti Geithellnahrepps hefir með brjefi, dags. 31. oktbr. f. á., áfrýjað
til stjórnarráðsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 24. septbr. f. á., sem
ákveður, að þurfalingurinn Niels Kristján Ágúst Nielsson skuli teljast sveitlægur
í nefndum hreppi. Eftir með brjefi yðar, dags. 17. nóvbr. f. á., að hafa fengið
öll skjöl þessa máls, er svofeldur úrskurður lagður á það.

Þurfalingur þessi var sagður til sveitar í Eskifjarðarhreppi 9. okt. 1907.
Samkvæmt skýrslu þeirri, sem hreppstjóri Eskifjarðarhrepps tók af honum 11. s.
m., hefir hann síðan vorið 1897 átt heima í Eskifjarðarhreppi, að undanskildum
árunum 1897—1898 og 1901—1902, er hann dvaldi hjá læknum á Borgum í
Skaftafellssýslu og Úlfstöðum á Völlum. Hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps og þjer
lítið svo á, að með veru þurfalingsins á Borgum og Úlfstöðum, sje sveitfestis-
dvöl hans á Eskifirði slitin. Hreppsnefnd Geithellnahrepps heldur því hinsveg-
ar fram, að sveitfestisdvölin hafi eigi slitnað við þetta, þarsem veru hans á
Borgum og Úlfstöðum verði samkvæmt 35. gr. fátækralaganna að skoða sem
dvöl á sjúkrahúsi.

Af því, sem fyrir liggur í málinu, virðist þurfalingurinn hafa ráðið sig
að Borgum og Úlfstöðum til þess að vera undir læknishendi, en engar sannanir
fyrir því, að hann hafi haldið sjálfstæðu heimili á Eskifirði, meðan hann dvaldi
á framannefndum heimilum, og verður því eigi talið, að hann hafi eftir 35. gr.
fátækralaganna unnið sér sveit þar með 10 ára dvöl, og þarsem ekki hefir ver-
ið haldið fram, að hann hafi unnið sjer sveit annarstaðar, þá er framangreindur
úrskurður yðar hjer með staðfestur.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar
fyrir hlutaðeigandi hreppsnefndum.